



Reykjavík, 28. apríl 2017

Samkomulag um sátt vegna brots Birtu lífeyrissjóðs á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Hinn 24. mars 2017 gerðu Fjármálaeftirlitið og Birta lífeyrissjóður, hér eftir einnig nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots gegn 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (fftl.).

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 40. gr. fttl. með því að hafa ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki innan þeirra tímamarka sem fram koma í ákvæðinu.

Málsaðili felst á að greiða sekt að fjárhæð 1.000.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 1. desember 2016 eignaðist Birta lífeyrissjóður 14,58% eignarhlut í Virðingu hf., sem hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Fjármálaeftirlitinu var hins vegar ekki tilkynnt um virka eignarhlutinn fyrr en 30. desember 2016.

Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 40. gr. fttl. segir m.a. að aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Í 2. mgr. sömu greinar segir að kaup á virkum eignarhlut geti ekki komið til framkvæmda fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að yfirfara tilkynninguna sé liðinn eða Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut að hann sé hæfur til að fara með eignarhlutinn.

Í 41. gr. fttl. eru tilgreindar þær upplýsingar sem koma þurfa fram í tilkynningunni.

Virkur eignarhluti er skilgreindur í 21. tölul. 1. gr. a í fttl. sem bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.

Við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 1. desember 2016 eignaðist Birta lífeyrissjóður virkan eignarhlut í Virðingu hf. Með því að Fjármálaeftirlitinu barst ekki tilkynning þar um fyrr en 30. desember 2016 braut málsaðili gegn 40. gr. fttl.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Brot gegn 40. gr. ffl. geta varðað stjórnvaldssektum, sbr. 20. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota gegn 40. gr. ffl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 111. gr. ffl. og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til hugsanlegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar Fjármálaeftirlitið fellst á að ljúka máli með sátt.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar ber að líta til þess að þrátt fyrir að almennt sé það alvarlegt að tilkynna ekki Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um virkan eignarhlut þarf hér bæði að hafa í huga að Birta lífeyrissjóður eignaðist hlutinn við samuna en ekki við kaup. Hafði Fjármálaeftirlitinu um mitt ár 2016 verið gerð grein fyrir eignum hins sameinaða lífeyrissjóðs. Í málinu voru því uppi aðstæður sem þóttu draga mjög úr alvarleika málsins.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var einnig horft til fjárhagsstöðu aðila. Þó Birta lífeyrissjóður hafi yfir að ráða miklum eignum var jafnframt horft til þess að skuldbindingar hans gagnvart sjóðfélögum eru að lokum ávallt jafnháar eignum sjóðsins.

Þá var horft til þess að um stakt brot var að ræða sem hvorki var til þess fallið að færa málsaðila ávinning né leiða til tjóns fyrir þriðja aðila. Loks sýndi málsaðili fullan samstarfsvilja og um var að ræða fyrsta brot í rekstri hans.

Með hliðsjón af öllum ofangreindum atriðum var sektarfjárhæð í máli Birtu lífeyrissjóðs talin hæfilega ákveðin 1.000.000 kr.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 111. gr. ffl. og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt, sbr. 52. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.